



Menntaskólinn á Ísafirði

Torfnesi, 400 Ísafirði

Sími: 450 4400

netfang: mi@misa.is

Bréfasími: 450 4419

Veffang: www.misa.is

Leigu- og þjónustusamningur um notkun nemenda á fartölvum Menntaskólans á Ísafirði

Menntaskólinn á Ísafirði (MÍ) býður öllum nemendum skólans, sem uppfylla ákveðna skilmála, fullkomnar fartölvur til afnota gegn vægu leigu- og þjónustugjaldi. Með þessu er tryggt að allir nemendur skólans hafi sama aðgang að upplýsingatækni sem nýtist í námi.

Undirritaður nemandi við Menntaskólann á Ísafirði hefur samþykkt eftirfarandi skilmála um notkun fartölvu sem hann fær til afnota frá skólanum. Ef nemandi er undir lögaldri þarf forráðamaður einnig að undirrita samninginn. Samningurinn gildir meðan nemandinn stundar nám við MÍ. Samningurinn tekur til fartölvu sem skólinn leigir undirrituðum nemenda á námstíma hans. Fartölvan er eign skólans og skólinn getur hvenær sem er innkallað fartölvuna. Þegar nemandi brautskráist frá skólanum eða hættir námi skal hann skila fartölvunni.

Fartölvan sem undirritaður nemandi fær er af gerðinni HP G6060EA Notebook PC með AMD Athlon 64 X2 TK57, 2 GB minni, DVD 2 hliða skrifara, vefmyndavél og hljóðnema. Raðnúmer fartölvunnar er _____. Leigu- og þjónustugjaldið er kr. 20.000 fyrir tvær annir sem greiðist við undirritun samnings og afhendingu fartölvunnar.

Undirritaður nemandi skuldbindur sig til að fylgja íslenskum lögum og reglum um notkun fartölvunnar á hverjum tíma í hvívetna, og með virkum hætti. Undirritaður nemandi skal sjálfur kynna sér nefnd lög og reglur sem er að finna á: <http://www.ut.is/us/logogreglur/>. Um leið og nemandi fær afhenta fartölvu að láni frá skólanum, fær hann netfang sitt við skólann og netaðgang í skólanum. Nemandinn samþykkir að nota tölvuna á þann hátt sem nýtist best til náms þegar við á og fara eftir fyrirmælum frá kennurum um notkun tölvunnar í kennslustundum. Nemandinn er sjálfur aðgangsstjórnandi á sinni tölvu, en í kennslustundum getur kennari stjórnað hvernig nemandinn notar tölvuna. Einnig samþykkir undirritaður nemandi að veita fulltrúa MÍ aðgang að tölvunni til nauðsynlegs viðhalds og uppfærslu. Nemandinn hefur að öðru leyti fullt frelsi til að nota tölvuna og ber fulla ábyrgð á notkun hennar.


MÍ afhendir nemandanum tölvuna í sama ástandi og MÍ hefur fengið hana frá Opnum kerfum, þ.e. með stýrikerfi og forritum. Nemandinn tekur tölvuna sjálfur í notkun undir leiðsögn frá tölvuumsjónarmanni MÍ. Síðan uppfærir hann tölvuna með ýmsum nýjum forritum undir leiðsögn starfsfólks MÍ og í samvinnu við aðra nemendur. MÍ tekur ekki ábyrgð á gögnum sem vistuð eru í tölvunni.

Nemandinn samþykkir að MÍ og aðrir aðilar kunna að skrá upplýsingar um notkun tölvunnar, tölvukerfisins í skólanum og tenginga við Internetið, bæði í fræðilegum tilgangi og í sambandi

við rekstur tölvukerfisins og hugsanlega einnig samkvæmt lögum og reglum þar að lútandi. Jafnframt mun MÍ í hvívetna fylgja lögum og reglum og leitast við að virða friðhelgi einkalífsins og gæta fyllsta trúnaðar.

Menntaskólinn á Ísafirði hefur gert sérstakan tryggingasamning fyrir tölvuna og skal nemandi þegar láta tölvuumsjónarmann vita ef tölvun hefur orðið fyrir tjóni eða gallar koma fram. Nemandi (og forráðamaður þegar við á) samþykkja með undirritun sinni að taka ábyrgð á tölvunni og fara vel með hana. Týni nemandi tölvunni eða eyðileggi vegna gáleysis, skuldbindur nemandinn/forráðamaður sig til greiða hrakvirði tölvunnar.

Ísafirði _____


Jón Reynir Sigurvinsson,
skólameistari

_____ kt. _____
Nafn lánþega

_____ kt. _____
Nafn forráðamanns